



Reykjavík 22. maí 2013

**Niðurstöður athugunar hjá Borgun hf. á tilteknum þáttum er varða aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka**

Hinn 9. janúar 2013 hóf Fjármálaeftirlitið athugun hjá Borgun. Athugunin beindist að tilteknum þáttum í aðgerðum Borgunar gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. lög nr. 64/2006. Í athuguninni var lögð sérstök áhersla á eftirfylgni við sjálfsmat sem Fjármálaeftirlitið lagði fyrir tilkynningarskylda aðila, þ. á m. Borgun, á haustmánuðum 2010 og innri reglur fyrirtækisins um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Niðurstöður athugunarinnar eru byggðar á upplýsingum og gögnum sem aflað var við athugunina og stöðunni eins og hún var á þeim tíma sem athugunin fór fram. Í samræmi við 9. gr. a laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi birtir Fjármálaeftirlitið niðurstöður nefndrar athugunar.

Miðað við þær upplýsingar og gögn sem aflað var við athugunina og miðað við þá þætti sem teknir voru til athugunar taldi Fjármálaeftirlitið þörf á að bæta úr ákveðnum atriðum í reglum félagsins um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. vegna atriða sem snúa að raunverulegum eiganda og gildissviði reglnanna. Félagið hefur þegar bætt úr þeim atriðum sem Fjármálaeftirlitið krafðist úrbóta vegna.

Af þeim upplýsingum og gögnum sem aflað var við athugunina og miðað við þá þætti sem teknir voru til athugunar er það mat Fjármálaeftirlitsins að aðgerðir Borgunar uppfylli almennt þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 64/2006, með síðari breytingum, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim og leiðbeinandi tilmælum nr. 3/2011.